

Nd.

482. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á tilskipun fyrir Ísland um sildar- og ufsaveiði með nóti, frá 12. febrúar 1872.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Minni hlutinn gat ekki fylgzt með meiri hl. við afgreiðslu þessa máls. Telur hann, að lagasetning sú, er fram fór á síðasta þingi, er breytti ákvæðum tilskipunarinnar frá 1872 að undirlagi fiskiþingsins, hafi ekki sætt réttlægri gagnrýni hjá Alþingi, og má vera, að orsökina sé sú, að þetta mál var sent Alþingi frá fiskiþinginu.

Með þeirri breytingu, sem þá var gerð, var horfið frá þeirri grundvallarreglu að skoða netlög skilyrðislaust tilheyrandi landi manns, heldur því að eins skyldi landeigandi hafa kröfurétt til veiðihluta, að nóti sé lagt við landfestar eða botnfestar í netlögum hans.

Í frv. því, er hér liggur fyrir, er leitast við að færa þetta í hið fyrra horf, og þó ekki fyllilega eins og það er í ákvæðum tilskipunarinnar frá 12. febr. 1872. Minni hl. álitur, að með lagasetningunni frá síðasta þingi sé gengið of nærri réttindum landeigenda og að veiði í netlögum annars manns skuli jafnan gjaldskyld að nokkru, hvort sem nætur eru festar við land, við akkeri, eða lausar með öllu.

Sé veiði leyfð í netlögum annars manns án þess landeigandi njóti neins af, telur minni hlutinn eignarrétt hans skertan.

Minni hl. vill vekja athygli á því, að í 2. gr. frv. er misprentun: ártalið 1934 fyrir 1935.

Samkvæmt ofanrituðu leggur minni hl. til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað „1934“ komi: 1935.

Alþingi, 6. nóv. 1935.

Gisli Guðmundsson, Jóhann Þ. Jósefsson.
frsm.